

Reglur Svalbarðsstrandarhrepps um námsvist nemenda í grunnskóla utan sveitarfélagsins

Reglur þessar taka mið af viðmiðunarreglum um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags, samþykktum af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. janúar 2013.

1. gr.

Allir nemendur með lögheimili í Svalbarðsstrandahreppi eiga rétt á skólavist í grunnskóla Svalbarðsstrandahrepps, Valsárskóla. Flytjist lögheimili nemanda í annað sveitarfélag eftir að nemandi hefur skólagöngu í grunnskóla Svalbarðsstrandahrepps, skal hann eiga rétt á að ljúka námi í skólanum til loka skólaársins enda komi til greiðslur vegna þess frá hinu nýja lögheimilissveitarfélagi.

Skólastjóri grunnskóla Svalbarðsstrandahrepps, Valsárskóla getur í samráði við skólanefnd Svalbarðsstrandahrepps heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum námsvist í grunnskóla Svalbarðsstrandahrepps sé þess óskað, enda liggja fyrir samningur við hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélag um greiðslu námskostnaðar.

2. gr.

Foreldrar/forsjáraðilar geta sótt um námsvist fyrir grunnskólanemendur í grunnskóla utan Svalbarðsstrandahrepps. Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár og skal það gert fyrir 10. júní ár hvert fyrir komandi skólaár.

3. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandahrepps afgreiðir umsóknir samkvæmt reglum þessum að fenginni umsögn skólanefndar. Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs. Þurfi nemandi á sérkennslu og/eða nýbúakennslu að halda skal um það samið sérstaklega. Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð á að innrita nemandann í viðtökuskóla og Svalbarðsstrandarhreppur sendir staðfestingu til viðtökusveitarfélags og viðtökuskóla um greiðslur hafi umsókn verið samþykkt.

4. gr.

Svalbarðsstrandarhreppur heimilar námsvist í öðru sveitarfélagi á eftirfarandi forsendum:

1. Þegar nemandi fær ekki notið kennslu við sitt hæfi að mati viðeigandi sérfræðings í grunnskóla Svalbarsstrandahrepps, Valsárskóla, sbr. 17. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008
2. Þegar nemandi flytur í Svalbarsstrandarhrepp á yfirstandandi skólaári og óskar eftir því að klára skólaárið í þeim skóla sem hann stundar nám í.
3. Þegar nemandi er ráðstafað í fóstur samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002
4. Þegar nemandi fylgir foreldri/forsjáraðilum sem stunda háskólanám sem krefst tímabundinnar búsetu utan sveitarfélagsins, enda teljist námið lánshæft að mati Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

5. gr.

Ákvörðun á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 4. gr. er kæránleg samkvæmt fyrirmælum 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Rísi ágreiningur um afgreiðslu umsóknar á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 4. gr. er heimilt að skjóta málinu til sveitastjórnar.

6. gr.

Ofangreindar reglur taka að öðru leyti, eftir því sem við á, mið af viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga um námsvist nemenda í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags.

Samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hinn 21.11. 2018.



Björg Erlingsdóttir

Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps

